



Stofnanasamningur

Menntaskólans á Tröllaskaga og
Kennarasambands Íslands

vegna félagsmanna KÍ/framhaldsskóla sem starfa við skólann

1. Inngangur

Skv. 11. kafla kjarasamnings KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er stofnanasamningur hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélags um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli, starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

2. Gildissvið

Samningurinn gildir fyrir félagi í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan KÍ sem starfa hjá Menntaskólanum á Tröllaskaga.

3. Markmið

Markmið stofnanasamningsins er

- að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til að vinna að markmiðum stofnunarinnar og miðist við að halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna
- að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað
- að launakerfið gefi starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi, óháð kyni, kynþætti, kynhneigð eða aldri
- að launakerfið stuðli að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnunarinnar og færa launakerfið nær starfsvettvangi og stuðla að árangurstengingu launa.

4. Röðun í launaflokka

Við röðun í launaflokka er gengið út frá starfslýsingu, ábyrgð, hæfni, menntun og starfsreynslu.

4.1 Kennarar

4.1.1 Menntun

| | |
|---|-----------------------------|
| Kennari með bakkalárpróf (180 ECTS) eða sambærilega menntun og leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi | 4 launaflokkar (grunnröðun) |
| Leiðbeinandi (kennari án leyfisbréfs til kennslu á framhaldsskólastigi) | 3 launaflokkar (grunnröðun) |
| Kennari með viðbótar háskólanám sem nýtist í starfi (60 ECTS) | 1 launaflokkur |
| Kennari með meistarapróf sem nýtist í starfi (90 til 120 ECTS) | 1 launaflokkur |
| Kennari með doktorsgráðu í kennslugrein* | 1 launaflokkur |

* Kennari með doktorsgráðu fær alltaf þrjá launaflokka hvort sem hann hefur lokið meistaraprófi á námsleið sinni eða ekki.

Öll röðunarákvæði eru ákvæði um lágmarksröðun.

4.1.2 Kennslureynsla

| | |
|----------------------|----------------|
| Eftir 1 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 4 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 8 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 12 ár í starfi | 1 launaflokkur |

Með kennslureynslu er átt við starf við kennslu í framhaldsskólum og kennslu úr grunnskólum sem nýtist í starfi.

4.1.3 Aðrir þættir

Vinumatsnefnd Menntaskólans á Tröllaskaga og stjórnendur skólans hafa komist að svohljóðandi samkomulagi um bókun 7 í kjarasamningi KÍ/FF og samninganefndar ríkisins (SNR) frá 21.4.2018 er varðar endurmat áfanga, sem tilheyrja meginbreytingu skv. 7. gr. kjarasamnings KÍ og SNR frá 2014.

Allir þeir kennarar sem kenna greinar til stúdentsprófs og/eða hafa sannarlega orðið að samþjappa námi vegna styttingar framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú ár, skulu fá einn klukkutíma í vinnumat pr. einingu.

4.2 Stjórnendur

Aðstoðarskólameistari grunnraðast í launaflokk 10 en ef hann er einnig áfangastjóri grunnraðast hann í launaflokk 13.

Aðstoðarskólameistari í meira en 50% starfi fær eitt þrep samkvæmt bókun 7 í samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi KÍ og ríkisins frá 21. apríl 2018.

4.2.1 Menntun

| | |
|--|----------------|
| Formlegt framhaldsnám í stjórnun – diploma (60 ECTS) | 1 launaflokkur |
| Meistarapróf í stjórnun (90 eða 120 ECTS) | 1 launaflokkur |

Kenni stjórnandi einnig við skólann og hefur meistarapróf í kennslugrein sinni getur það einnig verið metið til launa í stað framhaldsnáms í stjórnun.

4.2.2 Starfsreynsla

| | |
|----------------------|----------------|
| Eftir 5 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 12 ár í starfi | 1 launaflokkur |

Með starfsreynslu er átt við reynslu af stjórnun í grunn- og framhaldsskólum í 50-100% starfshlutfalli.

4.3 Náms- og starfsráðgjafar

Námsráðgjafi með meistarapróf grunnraðast í launaflokk 6
Námsráðgjafi með diplómapróf grunnraðast í launaflokk 5

4.3.1 Menntun

| | |
|--|----------------|
| Leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi | 1 launaflokkur |
| Meistarapróf annað en í náms- og starfsráðgjöf | 1 launaflokkur |

4.3.2 Starfsreynsla

| | |
|----------------------|----------------|
| Eftir 1 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 4 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 8 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| Eftir 12 ár í starfi | 1 launaflokkur |

Með starfsreynslu er átt við reynslu af náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

5. Mat á annarri starfsreynslu

Hafi starfsmaður aðra starfsreynslu eða menntun sem nýtist í starfi við skólann getur hann sótt um til skólameistara að fá þá starfsreynslu metna til hækkunar á röðun í launaflokka.

6. Persónu- og tímabundnir þættir

Eftir að kennari, náms- og starfsráðgjafi og stjórnandi hefur raðast í launaflokka skal taka tillit til persónu- og tímabundinna þátta eins og símenntunar, tímabundins álags í starfi og tímabundinna verkefna/verkefnisstjórnunar.

6.1 Persónu- og tímabundnir þættir sem til greina koma til láréttrar röðunar:

- Umsjón með stærri sérverkefnum
- Frumkvæði/forysta í tengslum við þróunar- og nýbreytnistarf
- Símenntun sem hlotið hefur samþykki skólameistara fyrirfram

Launasetning, umfang og ábyrgð sem starfi fylgir er samkomulag milli starfsmanns og skólameistara og gildir á starfstíma skóla.

6.2 Eftirtalin verkefni koma til greina sem tímavinna:

- Vinna við þróunarverkefni
- Kennsla áfanga í fyrsta skipti sem hann er kenndur
- Starf í nefndum á vegum skólans
- Umsjón með forvarnarmálum nemenda
- Umsjón með félagsmálum nemenda
- Umsjón með kennslukerfi
- Umsjón með nýjum kennara
- Þróun kennsluefnis
- Yfirseta á skólaskemmtunum, tímavinna í yfirvinnu.
- Kvöldfundir, s.s. foreldrafundir umfram einn á skólaári, opið hús og aðrir fundir, tímavinna í yfirvinnu.
- Ýmis skilgreind verkefni sem kennarar taka að sér, s.s. undirbúningur þemadaga, uppákomur á vegum skólans og fleira af þeim toga.

Skólameistari gengur alla jafna frá samkomulagi um hvaða vinna er skilgreind sem tímavinna á komandi önn. Þessi launasetning gildir á meðan samningur er þar um.

6.3 Aðbúnaður á vinnustað

Skólinn sér kennurum, náms- og starfsráðgjöfum og stjórnendum fyrir fartölvum. Einnig er hægt að leita til skólameistara eftir aðgangi/afnotum að öðrum tækniútbúnaði telji starfsmenn að þeir þurfi á slíku að halda. Einnig er hægt að leita til skólameistara vegna kaupa á forritum og öppum til notkunar í kennslu eða við vinnu á kennsluefni. Beiðni um slíkt er metin af skólameistara í samráði við tæknimann og fjármálastjóra.

7. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Samkvæmt gildandi kjarasamningi nú greinum 11.4.2.1, 11.3, 11.4.2.2 og 11.4.3.2

8. Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2023. Stofnanasamningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki stjórnar og kennara skólans. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki.

Ólafsfirði, 1. janúar 2022

F.h. Menntaskólans á Tröllaskaga



Lára Stefánsdóttir
Skólameistari



Unnur Hafstað
Kennarafélag MTR - FF



Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir
Félagsmaður KÍ - FS



Birgitta Sigurðardóttir
trúnaðarmaður KÍ - FF

Fylgiskjal 1

Bráðabirgðasamkomulag milli

KÍ, fjármálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um málefni Menntaskólans á Tröllaskaga.

Gildir fyrir skólaárið 2010 – 2011

Framhaldsskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína haustið 2010 og auglýsti að hann starfaði eftir nýjum lögum um framhaldsskóla. Skólinn hefur ekki tekið að fullu tillit til ákvæða kjarasamninga við útfærslu á skólastarfi og skipulagningu á vinnu kennara.

Því veldur að einhverju marki skortur á leiðbeiningu og upplýsingum til forráðamanna skólans frá fjármálaráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Afleiðing þessa er að í skólanum er unnið eftir skipulagi sem ekki hefur verið samið um í kjarasamningum. Þá er heldur ekki fyrir hendi heimild fyrir skólann til að starfa sem tilrauna-eða forgönguskóli og hvorki mun skólinn verða viðurkenndur sem slíkur né heldur er mögulegt að finna útfærslu á núverandi kjarasamningum sem hentar sérstöku skipulagi skólastarfsins.

Til að leysa úr þessu máli án þess umbylta starfi skólans mánuðum eftir að hann hefur hafið störf og koma í veg fyrir að nemendur og starfsmenn verði fyrir meiri röskun en réttlæt看leg er, eru aðilar sammála um eftirfarandi:

1. Skólinn starfi eftir því skipulagi sem nú gildir út þetta skólaár, en sérfræðingar mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við fulltrúa KÍ yfirfari námsskipulag og starf skólans fyrir næsta skólaár í samráði við hann. Þeirri vinnu verði endanlega lokið í júní árið 2011, en allar helstu niðurstöður skulu þó liggja fyrir ekki síðar en í apríl 2011.
2. Vegna þessara sérstöku kringumstæðna eru aðilar sammála um að greiða álag til allra félagsmanna KÍ sem nemi einum launaflokki til viðbótar ákvæðum stofnanasamnings skólans. Auk þess fái kennarar skólans eitt viðbótar launaprep fyrir sama tíma. Þessi launaflokkur og þrep gildi fyrir skólaárið 2010-2011 og fellur þá niður eða breytist eftir niðurstöðum yfirferðar skv. fyrri lið.

Reykjavík, 23. desember 2010

F.h. Kennarasambands Ísl. f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis f.h. fjármálaráðun.

Bókanir

Bókun 1

Skv. bókun 2 í samkomulagi um breytingu á kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra frá 31. mars 2021 skal efla samkeppnisstöðu framhaldsskóla og auka tækifæri félagsfólks til að hafa áhrif á launapróun og skapa hvata til að auka virkni stofnanasamninga með árvissu framlagi. Sérstaklega skal horft til nýliðunar, framþróunar í starfi, starfsþróunar og nýsköpunar í samræmi við þarfir skólans. Til þessa verkefnis er skólanum úthlutað fjármagni árlega sem er nýtt til eftirfarandi viðfangsefna¹:

1. Nýliðun

Nýútskrifaðir kennarar án kennslureynslu með leyfisbréf ráðnir í amk 50% starf til eins árs, og menntaðir náms- og starfsráðgjafar sem taka óreyndir til starfa, fá eitt þrep þar til fyrsta starfsaldurshækkun kemur til en þá fellur þrepið niður.

2. Nýr kennari án kennslureynslu getur fengið aðstoð í eina önn og sá sem tekur aðstoðina að sér fær eitt launaprep. Nýr kennari sem hefur ekki reynslu af dreifnámi getur sótt aðstoð í eina önn.

2. Framþróun í starfi

Þeir sem taka að sér að sjá um áhersluverkefni sem félagsmenn leggja til fyrir á önn og skólameistari samþykkir geta sótt til skólameistara um eitt launaprep eða tíma eftir umfangi verkefnis á önn meðan verkefnið varir. Sótt er um fyrir 5. september og 10. janúar fyrir yfirstandandi önn. Kynna skal niðurstöður á fagfundi.

3. Starfsþróun

Starfsmaður sem vill þróa sig markvisst í starfi yfir heila önn á sviði sem skólinn hefur sett sér markmið um, getur sótt um eitt launaprep eða tíma að hámarki eina önn eða á meðan verkefni varir. Kynna skal niðurstöður á fagfundi.

4. Nýsköpun

Kennari, náms- og starfsráðgjafi og stjórnandi geta sótt um 1 þrep í eina önn vegna sérstakra rannsóknarverkefna eða nýsköpunar í starfi. Kynna skal niðurstöður á fagfundi.

Bókun 2

Samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi um málefni MTR (fylgiskjal 1) var gerður viðbótarsamningur þann 23. desember 2010 milli KÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Samkomulagið verður virt á meðan það gildir. Greiðslur samkvæmt honum koma til viðbótar launasetningu kennara við vinnu í núverandi skipulagi skólans.

¹ *Umfang og fjöldi verkefna ræðst af fjármagni sem skólinn fær úthlutað árlega vegna bókunar 2 í kjarasamningi KÍ við fjármálaráðherra frá 31. mars 2021.